

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 30. mars 2023
Tilvísun: 202303088 / 3.2

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi, vatnstökuholur á Röndinni

Norðurþing hefur, með erindi dags. 20. mars 2023, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn 16. mars 2023.

Skipulagstillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:100.000 og í greinargerð, dags. 16. mars 2023.

Í breytingartillögunni felst að iðnaðarsvæði I1 á Röndinni stækkar um 3 ha til norðurs vegna áforma um borun eftir jarðsjó. Opið svæði til sérstakra nota minnkar að sama skapi.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga.

Stafrænt aðalskipulag

Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 46. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skulu skipulagsáætlanir unnar á stafrænu formi og þeim skilað á stafrænu formi til Skipulagsstofnunar. Þetta lagaákvæði tók gildi fyrir svæðisskipulag og aðalskipulag þann 1. janúar 2020 og mun taka gildi fyrir deiliskipulag þann 1. janúar 2025. Í 2. mgr. lagagreinarinnar er kveðið á um að Skipulagsstofnun skuli gera skipulagsáætlanir á stafrænu formi aðgengilegar.

Skipulagsstofnun hefur nú opnað aðalskipulagssjá, vefsja fyrir stafrænt aðalskipulag sem finna má á vef stofnunarinnar. Þar er nú að finna þær aðalskipulagsáætlanir sem skilað hefur verið til stofnunarinnar á stafrænu formi. Skipulagsstofnun hefur auk þess fært aðalskipulag nokkurra sveitarfélaga með áorðnum breytingum yfir á stafrænt form, þ.á.m. Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030. Þau eru einnig birt í vefsjánni. Gögnin er hægt að nálgast hjá stofnuninni en þeim er ætlað að nýtast sveitarstjórnnum sem grunnur fyrir verulegar og óverulegar breytingar á aðalskipulagi og þegar kemur að heildarendurskoðun aðalskipulags. Fyrirhugað er að birta stafræn gögn aðalskipulags allra sveitarfélaga á landinu í vefsjánni.

Þegar sveitarstjórn sendir aðalskipulagsbreytinguna til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna útprentaðra skipulagsgagna í þríriti.

Til að tryggja samræmd vinnubrögð og styðja við innleiðingu stafræns aðalskipulags gaf Skipulagsstofnun út gagnalýsingu og leiðbeiningar um gerð stafræns aðalskipulags í nóvember 2021. Einnig hefur verið unnið sniðmát fyrir stafrænt aðalskipulag sem finna má á vef stofnunarinnar.

Guðrún Lára Sveinsdóttir

